

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, nr. 116/2021.

1. gr.

14. gr. samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrisögn:

Rafrænar fjárfundir.

Bæjarstjórnarmenn og nefndarmenn hafa heimild til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Tryggt skal að þeir geti fylgst með því sem fram fer á fundinum, tekið þátt í atkvæðagreiðslu og öryggi í samskiptum á milli fundarmanna.

Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum þess.

2. gr.

K-liður I. kafla 16. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Atkvæðagreiðsla. Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 48. gr. samþykktarinnar:

a. 3. tölul. A-liðar í 48. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fræðslu- og frístundanevnd fer með fræðslu- og frístundamál samkvæmt lögum og reglugerðum þar um, ásamt þeim verkefnum sem nefndinni eru falin með erindisbréfi.

b. Við B-lið 48. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Fjölmeningarráð sem fjallar um málefni innflytjenda í sveitarfélaginu og kemur þeim á framfæri, skapar vettvang til samskipta og stuðlar að fjölmeningarlegu samfélagi. Meginhlutverk fjölmeningarráðs er að móta stefnu í fjölmeningarmálum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða. Í fjölmeningarráði eiga sæti fimm fulltrúar, tveir kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

4. gr.

6. mgr. 50. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er staðgengill bæjarstjóra.

5. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett skv. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 4. maí 2022.

F. h. r.

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.